

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur þriðjudaginn 21. febrúar 2023

Mál nr. S-2161/2022:

Ákærvaldið

(Haukur Gunnarsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Sigurberg Inga Pálmasynt

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

og Pétri Péturssynt

(Bjarni Hólmar Einarsson lögmaður)

Dómur

I.

Ákæra, dómkröfur og fleira:

Mál þetta, sem var þingfest 30. maí 2022 og tekið til dóms 10. febrúar 2023, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara 5. maí 2022 á hendur Sigurberg Inga Pálmasynt, kt. [...], [...], Reykjavík, og Pétri Péturssynt, kt. [...], [...], Reykjavík, „fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri einkahlutafélagsins [...], kt. [...], nú afskráð, á hendur Sigurberg Inga sem daglegum stjórnanda og varamanni í stjórn og Pétri sem framkvæmdastjóra og stjórnarmanni, með því að hafa:

1. Eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum einkahlutafélagsins á lögmæltum tíma vegna uppgjörstímabilanna september – október og nóvember – desember rekstrarárið 2018 og janúar – febrúar rekstrarárið 2019 og með því að hafa ekki staðið ríkissjóði skil í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilanna janúar – febrúar, maí – júní, júlí – ágúst, september – október og nóvember – desember rekstrarárið 2018 og janúar – febrúar, mars – apríl og maí – júní rekstrarárið 2019, samtals að fjárhæð 16.056.504 krónur, sem sundurliðast svo:

2018

Janúar – febrúar	kr.	1.121.802
Maí – júní	kr.	2.194.762
Júlí – ágúst	kr.	2.186.276
September – október	kr.	1.727.826
Nóvember – desember	kr.	1.033.776
	kr.	8.264.442

2019

Janúar – febrúar	kr.	1.853.135
Mars – apríl	kr.	1.941.783
Maí – júní	kr.	3.997.144
	kr.	7.792.062

Samtals kr. 16.056.504

2. Eigi staðið skil á staðgreiðsluskilagrein einkahlutafélagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma vegna greiðslutímabilsins desember rekstrarárið 2018 og með því að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna greiðslutímabilanna mars, apríl, maí, júní, júlí, september, nóvember og desember rekstrarárið 2018 og janúar, febrúar, maí, júní og júlí rekstrarárið 2019, samtals að fjárhæð kr. 1.294.089 hvað varðar ákærða Pétur og samtals að fjárhæð 1.241.597 hvað varðar ákærða Sigurberg Inga, sem sundurliðast sem hér greinir:

2018 – Hvað varðar Pétur

Mars	kr.	84.408
Apríl	kr.	31.916
Maí	kr.	34.829
Júní	kr.	56.298
Júlí	kr.	51.517
September	kr.	63.832
Nóvember	kr.	63.832
Desember	kr.	31.916
	kr.	418.548

2018 – Hvað varðar Sigurberg

Mars	kr.	31.916
Apríl	kr.	31.916
Maí	kr.	34.829
Júní	kr.	56.298
Júlí	kr.	51.517
September	kr.	63.832
Nóvember	kr.	63.832
Desember	kr.	31.916
	kr.	366.056

2019 – Hvað varðar Pétur			2019 – Hvað varðar Sigurberg		
Janúar	kr.	31.916	Janúar	kr.	31.916
Febrúar	kr.	150.672	Febrúar	kr.	150.672
Maí	kr.	106.387	Maí	kr.	106.387
Júní	kr.	297.255	Júní	kr.	297.255
Júlí	kr.	289.311	Júlí	kr.	289.311
	kr.	875.541		kr.	875.541

Brot ákærðu samkvæmt ákærulið 1 teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Brot ákærðu samkvæmt ákærulið 2 teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Við meðferð málsins 27. júní 2022 og 13. september sama ár voru lagðar fram greinargerðir ákærðu þar sem meðal annars komu fram aðaldómkröfur um frávísun málsins frá héraðsdómi vegna ætlaðs óskýrleika í ákæru. Þeim dómkröfum var hafnað með úrskurði héraðsdóms 23. janúar sl. Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru. Ákærði Sigurberg krefst sýknu en til vara vægustu refsingar í formi fésektar. Ákærði Pétur krefst einnig sýknu en til vara vægustu refsingar og að hún verði skilorðsbundin. Þá er af hálfu beggja ákærðu krafist hæfilegra málsvarnarlagna til handa skipuðum verjendum þeirra sem greiðist úr ríkissjóði. Að auki er ábendingu beint til dómsins af hálfu ákærða Péturs um að taka til athugunar hvort efni séu til að vísa málinu frá dómi án kröfu vegna ófullnægjandi rannsóknar. Ákærvaldið byggir á hinu gagnstæða og telur ekki tilefni til slíkrar frávísunar.

II.

Málavextir:

Með bréfi Skattrannsóknarstjóra ríkisins 7. febrúar 2020 var máli á hendur ákærðu vísað til rannsóknar hjá héraðssaksóknara vegna meintra brota á ákvæðum laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Málið var sent á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um rannsókn skattrannsóknarstjóra á skilum afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatts [...] vegna rekstraráranna 2018 og 2019. Téd einkahlutafélag var stofnað 9. september 2014 og tekið til gjaldþrotaskipta 9. janúar 2020. Þá var skiptum búsin lokið 30. september 2021 og félagið afskráð 5. október sama ár.

Samkvæmt fyrrgreindu bréfi skattrannsóknarstjóra var talið að rannsóknin hefði meðal annars leitt í ljós að skattaðili hefði vanrækt að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda til ríkissjóðs innan lögboðins frests á nánar tilgreindum tímabilum á árunum 2018 og 2019. Einnig var talið að rannsókn hefði leitt í ljós að skattaðili hefði vanrækt að standa skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs innan lögboðins frests á nánar tilgreindum uppgjörstímabilum sömu rekstrarára. Þessu til viðbótar var talið að vanrækt hefði verið að standa skil af hálfu skattaðila á lögmæltum tíma til innheimtumanns ríkissjóðs á skilagrein vegna nánar tilgreinds greiðslutímabils á rekstrarárinu 2018 og virðisaukaskattskýrslum vegna nánar skilgreindra uppgjörstímabila á árunum 2018 og 2019. Þá var vísað til nánar tilgreindra lagaákvæða og reglna og gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Um allt framangreint í tölulegu samhengi vísast til framangreindrar ákæru.

Að auki var tekið fram í bréfi skattrannsóknarstjóra að í niðurstöðu téðrar rannsóknar kæmi fram að ákærði Pétur hefði verið stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og handhafi prókúruumboðs vegna félagsins á tímabili frá 31. júlí 2017 til 8. ágúst 2019. Jafnframt að ákærði Sigurberg hefði verið varamaður í stjórn skattaðila frá og með 31. júlí 2017 en frá 8. ágúst sama ár hefði téður skattaðili ekki verið með aðalstjórn. Einnig var tiltekið að það væri mat skattrannsóknarstjóra að Pétur og Sigurberg hefðu vegna stöðu sinnar brotið gegn nánar tilgreindum lagaákvæðum með því að sýna af sér saknæma vanrækslu og þar með baka sér refsíábyrgð.

Í framburðarskýrslu af ákærða Pétri hjá skattrannsóknarstjóra 14. nóvember 2019 greinir meðal annars að hann hafi borið um að meðákærði Sigurberg og [...], A, ættu félagið. Þau hefðu beðið ákærða um að skrá sig fyrir félaginu og hann samþykkt það. Sigurberg hefði stýrt starfseminni og farið með fjármuni félagsins, eða téð A séð um það sem laut að fjármálunum. Pétur hefði hvorki komið að rekstrinum né fjármálunum og hann að mestu dvalið í [...]. Vinátta hefði verið milli þeirra þriggja. Pétur hefði ekki kannast við að hafa fyllt út skjal með lögheimilisbreytingu félagsins 14. maí 2018, sem jafnframt var heimilisfang téðrar A. Pétur hefði ekki vitað hvers vegna staðgreiðslu var ekki skilað á lögmæltum tíma en verið með ágiskun um að peningunum hefði verið eytt. Pétur hefði hvorki vitað ástæðu þess að virðisaukaskattinum var ekki skilað né hvað varð um fjármunina. Þá hefði Pétur ekki sagst vita hver tók ákvörðun um að skila ekki sköttunum. Um framburð Péturs að öðru leyti vísast í aðalatriðum til reifunar á skýrslu hans fyrir dómi.

Í framburðarskýrslu ákærða Sigurbergs hjá skattrannsóknarstjóra 20. nóvember 2019 greinir meðal annars að Sigurberg hefði kannast við að hafa annast daglegan rekstur

félagsins á sviði málningarþjónustu. Pétur hefði hins vegar stýrt fjármálum þess og Sigurberg ekki komið að þeim málefnum nema að litlu leyti. Sigurberg hefði skrifað út reikninga og komið gögnum til endurskoðanda. Pétur hefði dvalið mikið erlendis og sinnt rekstrinum illa. A hefði ekki komið að rekstrinum en verið með heimild til að taka út af bankareikningi félagsins í gegnum netbanka. Sigurberg hefði kannast við rithönd sína á fyrrgreindu skjali um lögheimilisbreytingu. Fjármunir sem tilheyrðu ríkissjóði og vörðuðu afdregna staðgreiðslu hefðu farið í daglegan rekstur. Virðisaukaskatti hefði ekki verið skilað til ríkissjóðs þar sem þeir fjármunir hefðu verið notaðir til að greiða skuldir félagsins. Engin sérstök ákvörðun hefði verið tekin í þá veru að skila ekki téðum fjármunum til ríkissjóðs. Um hefði verið að ræða trassaskap af hálfu Péturs en ekki ásetningsverk. Um framburð Sigurbergs að öðru leyti vísast í aðalatriðum til reifunar á skýrslu hans fyrir dómi.

Í rannsóknargögnum skattransóknarstjóra greinir meðal annars að fyrir liggi að A hafi verið með prókúruumboð á bankareikning félagsins í [...] á því tímabili sem um ræðir. Þá greinir í gögnum að 26.853.600 krónur hafi á tímabili frá 1. janúar 2018 til 9. nóvember sama ár verið millifærðar af bankareikningi félagsins inn á bankareikning A. Að auki hafi 276.000 krónur verið greiddar frá félaginu inn á bankareikning Sigurbergs á sama tímabili. Um einstök atriði úr rannsóknargögnum að öðru leyti vísast til reifana á því sem fram kom í skýrslum ákærðu og vitna fyrir dómi og niðurstöðukafla, eftir því sem við á.

III.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Í framburði ákærða Péturs kom meðal annars fram að meðákærði og vitnið A hefðu átt umrætt félag. Þau hefðu á árinu 2017 beðið hann um að taka að sér að vera skráður stjórnarmaður og framkvæmdastjóri þess. Ákærði hefði samþykkt beiðnina og breytingin verið skráð í fyrirtækjaskrá 31. júlí 2017. Um hefði verið að ræða vinargreiða af hans hálfu gagnvart meðákærða og A og hann ekki þegið neinar greiðslur fyrir. Ákærða hefði verið sagt að þetta væri vegna umsóknar A um félagslegar bætur og að hún gæti af þeim ástæðum ekki haft neina aðkomu að félaginu. Þá hefði verið lagt upp með að A kæmi aftur að félaginu þegar fyrrgreindu umsóknarferli væri lokið.

Ákærði hefði ekki þekkt til starfsemi félagsins og ekki vitað hvort eða hverjir væru á launaskrá. Hann hefði gefið sér að félagið væri vegna starfa meðákærða á sviði húsamálunar. Ákærði hefði ekki haft neina aðkomu að rekstri, fjármálastjórn eða lögskiptum félagsins við skattfyrirvöld. Þá hefði ákærði ekki haft vitneskju um hver rækti þann starfa fyrir félagið eða hver sá um um bókhaldið. Meðákærði eða A hefðu að líkum séð um útgáfu reikninga vegna útseldrar vinnu. Þá hefði stjórnun daglegs rekstrar að líkum verið hjá meðákærða og hann útvegað félaginu verkefni. Ákærði hefði á einhverjum tíma skrifað undir einhver skjöl fyrir meðákærða og A í tengslum við lántöku vegna bifreiðakaupa, auk þess að hafa stofnað *Íslykil* að beiðni meðákærða. Að auki hefði ákærði í rafrænum samskiptum í mars 2019 veitt A umboð vegna félagsins hjá [...] og það verið að hennar beiðni.

Ákærði kvaðst ekki hafa forsendur til að gera athugasemdir við töluleg gögn vegna málsins. Hann þekkti í raun ekkert til félagsins. Þá kvaðst hann ekki vita hvers vegna virðisaukaskatti og staðgreiðslu var ekki skilað til ríkissjóðs. Ákærði hefði til langs tíma verið búsettur í [...], þar á meðal á þeim tíma þegar meint brot voru framin. Þá kvaðst ákærði hafa takmarkaða þekkingu á rekstri fyrirtækja og hvorki þekkt né kynnt sér hvaða skyldur hvíldu á honum sem framkvæmdastjóra og stjórnarmanni. Ákærði hefði hins vegar á árum áður, sem trésmiður, verið með sjálfstæðan rekstur á eigin kennitölu þegar hann starfaði sem undirverktaki hjá öðrum iðnaðarmanni og meðal annars staðið skil á virðisaukaskatti.

Ákærði kvaðst hafa skráð sig úr stjórn félagsins 8. ágúst 2019. Það hefði atvikast með þeim hætti að hann hefði um það leyti verið með áform um þátttöku á vinnumarkaði hér á landi. Hann hefði verið í skuld við ríkissjóð vegna skatta og verið að grennslast fyrir um þau málefni í júlímánuði það sama ár. Það hefði leitt til þess að hann fékk þær upplýsingar frá starfsmanni Skattsins að virðisaukaskatti og staðgreiðslu hefði ekki verið skilað til ríkissjóðs vegna félagsins. Ákærða hefði fram að því verið ókunnugt um að það væri staðan á félaginu. Ákærði hefði ekki verið búinn að fá neinar upplýsingar í þá veru frá meðákærða eða A. Ákærði hefði í framhaldi leitað skýringa hjá meðákærða og fengið þau svör að úr því yrði bætt. Meðákærði hefði hins vegar ekki svarað næstu símtölum frá ákærða. Ákærði hefði leitað til Skattsins um hvað væri rétt að gera í stöðunni og fengið leiðbeiningar um að skrá sig úr félaginu í fyrirtækjaskrá. Ákærði hefði í framhaldi afskráð sig sem framkvæmdastjóri og stjórnarmaður félagsins. Frekar spurður um samskipti við meðákærða á þessum tíma kvaðst ákærði kannast við að hafa verið í skilaboðasendingum við meðákærða dagana 13. og 28. júní 2019 og 5. ágúst sama ár. Það hefði verið út af skuld meðákærða við ákærða vegna smíðavinnu.

2.

Í framburði ákærða Sigurbergs kom meðal annars fram að hann og [...], fyrrgreind A, hefðu stofnað félagið á sínum tíma. A hefði verið eigandi þess og séð um bóklegu hliðina á rekstrinum. Ákærði hefði alla tíð starfað fyrir félagið, tekið þátt rekstrinum og séð um almenna vinnu á vinnusvæðum. Þá hefði hann verið í varastjórn félagsins. Ákærði hefði ekki haft góða reynslu af fyrirtækjarekstri. Hann hefði ekki treyst sér til að sjá um það bóklega sem laut að rekstrinum og ekki kunnað að fylla út skýrslur til skattyfirvalda. Þá hefði hann áður við rekstur annars félags, eins eða fleiri, farið í vanskil með vörsluskatta gagnvart ríkissjóði og verið látinn sæta refsíabyrgð út af því.

Á árinu 2017 hefðu fjölskylduaðstæður leitt til þess að A treysti sér ekki lengur til að reka fyrirtækið. Meðákærði hefði á þessum tíma boðist til að koma inn í félagið í stað A og það gengið eftir 31. júlí sama ár. Þá hefði meðákærði keypt félagið af þeim á [...] króna en óvíst væri hvort til væri afsal um þau viðskipti. Samstarfið eftir fyrrgreinda breytingu hefði verið með þeim hætti að meðákærði tók yfir stöðu A og átti að sjá um allt sem laut að fjármálastjórn, bókhaldi og samskiptum við skattyfirvöld. Einnig hefði meðákærði verið með hugmyndir um að samhæfa rekstur félagsins við hans eigin starfsemi á sviði [...]. Þá hefði meðákærði talið sig geta notið aðstoðar annarrar manneskju, sem var honum nán, með framangreint. Hlutverk ákærða hjá félaginu hefði verið af þeim toga að hann átti að sjá um að afla verkefna, gera tilboð, fara með daglega verkstjórn, fara á verkstaði og vinna verkin eða sjá til þess að þau yrðu unnin af öðrum. Starfsmenn hefðu verið á launaskrá félagsins á einhverjum tíma og þá hefði ákærði þegið einhver laun frá félaginu. Reikningar vegna starfseminnar hefðu stundum verið gefnir út af ákærða í samráði við meðákærða. Meðákærði hefði verið með aðgang að heimabanka félagsins og notað bifreiðir á þeim tímabilum er hann dvaldi hér á landi. Þá hefði meðákærði séð um innheimtuna og annast samskipti við skattyfirvöld, þar með talið að skila staðgreiðslu og virðisaukaskatti. Meðákærði hefði að miklu leyti verið með búsetu í [...] og af þeim ástæðum hefði ákærði, að beiðni meðákærða, farið með bókhaldsgögn til bókara.

Samstarfið við meðákærða hefði framan af verið gott en þegar á leið hefðu tvær grímur farið að renna á ákærða. Það hefði til að mynda verið út af því að meðákærði var endurtekið að biðja um að fá til sín fjármuni úr rekstrinum í formi reiðufjár. Þegar leið á samstarfið, eða undir lok þess, hefði ákærði áttað sig á því að skuld var komin á félagið gagnvart skattyfirvöldum. Ákærði hefði hins vegar litið svo á að hún væri á ábyrgð meðákærða. Ákærði kvaðst ekki gera athugasemdir við tölulegar niðurstöður um vangreidda staðgreiðslu og virðisaukaskatt. Þá hefði það verið meðákærði Pétur sem hefði tekið hina endanlega ákvörðun um að skila þeim fjármunum ekki til ríkissjóðs.

Varðandi tilkynningu um breytt heimilisfang félagsins á árinu 2018 kvaðst ákærði ekki draga sérstaklega í efa að hann hefði með einhverjum hætti haft aðkomu að því, sbr. framburðarskýrslu hans hjá skattrannsóknarstjóra. Varðandi samskipti við skattyfirvöld vegna skattskuldar greindi ákærði frá því að hafa verið í slíkum samskiptum eftir á. Hann hefði verið að reyna að standa skil á greiðslum til ríkissjóðs varðandi það tímabil sem hann bar ábyrgð á. Það hefði verið eftir að ábyrgð hans sem varamanns í félagsstjórn varð virk í kjölfar þess að meðákærði var búinn að segja sig frá félaginu með afskráningu í fyrirtækjaskrá. Þá kvaðst ákærði ekki muna sérstaklega eftir öðrum samskiptum af þeim toga við skattyfirvöld fyrir það tímamark. Frekar spurður kvaðst hann ekki muna, eða ekki útiloka, að hafa verið í slíkum samskiptum á árinu 2018 eða hvort hann hefði ritað undir greiðsluáætlun af þeim toga á þeim tíma.

Varðandi atvik í tengslum við úrsögn meðákærða frá félaginu greindi ákærði frá því að meðákærði hefði ekki látið ákærða vita þegar það gerðist. Þá kvaðst ákærði ekki kannast við nein samskipti við meðákærða í júlí 2019 um þau málefni varðandi stöðuna á félaginu. Ákærði vísaði til framlagðra gagna um samskipti við meðákærða með smáskilaboðum frá 13. og 28. júní 2019 og 5. ágúst sama ár. Í þeim samskiptum hefði meðákærði verið að biðja um fjármuni úr félaginu eða vegna reksturs þess. Þá væri það rangt sem meðákærði hefði borið um fyrir dómi, að efni þeirra samskipta hefði lotið að ætlaðri skuld ákærða við meðákærða vegna smíðavinnu. Samskipti þeirra hefðu almennt verið með þeim hætti að þau voru símleiðis, með Messenger-skilaboðum og með því að þeir hittust. Samskipti þeirra hefðu ekki verið með tölvupóstum.

Um eignarhald á félaginu greindi ákærði frá því að meðákærði hefði keypt félagið á [...] króna eftir að hann kom að því. Ákærði kvaðst hins vegar ekki vita hvort afsal væri til fyrir kaupunum. Þá væri það ekki rétt sem fram kæmi í skýrslu ákærða hjá skattrannsóknarstjóra að ákærði ætti félagið en A væri skráð fyrir því. Hann hefði ekki upplýst um sölu félagsins á rannsóknarstigi þar sem hann hefði ekki verið spurður út í það á því stigi. Að auki greindi ákærði frá því að hvorki hann né A hefðu keypt félagið til baka frá meðákærða eftir að hann skráði sig úr því.

Spurður út í gögn varðandi greiðslur frá félaginu til A á árinu 2018 að fjárhæð um [...] króna greindi ákærði frá því að um væri að ræða samtölu af mörgum minni greiðslum í reiðufé. Ákærði kvaðst ekki muna vel eftir þessum greiðslum. Kvaðst hann halda að um væri að ræða laun sem hefðu runnið til hans en stór hluti fjárhæðarinnar hefði að öðru leyti runnið til meðákærða. Meðákærði hefði sinnt einhverjum verkum á verkstað. Þá

kvaðst ákærði ekki vita hvers vegna peningunum hefði ekki verið ráðstafað upp í skattskuld. Ekki eru efni til frekari reifunar á framburði ákærða.

3.

Vitnið A greindi meðal annars frá því að hafa verið [...] til margra ára en þau hefðu [...]. Þau hefðu stofnað og átt umrætt félag á sínum tíma og reksturinn verið um málningarstarfsemi. Hún hefði verið með skilgreinda stöðu í félagsstjórn en í raun verið með takmarkaða aðkomu að félaginu eða málefnum þess. Þá kvaðst hún hafa mjög takmarkaða þekkingu á fjármálum og skattskilum félagsins eða hvernig átti að standa að þeim. Þann 31. júlí 2017 hefði ákærði Pétur tekið við hennar formlegu stöðu hjá félaginu þegar hann varð skráður framkvæmdastjóri og stjórnarmaður þess. Fjölskylduaðstæður hefðu meðal annars verið ástæða þeirra breytinga. Ákærði Pétur hefði verið fenginn til að koma að félaginu með fyrrgreindum hætti, auk þess sem hann hefði keypt félagið af þeim á [...] króna. Ákærðu hefðu þekkt og þeir báðir verið iðnaðarmenn og hjálpað hvor öðrum. Ákærði Pétur hefði með því að koma að félaginu tekið að sér að sjá um fjármál þess, skila inn skýrslum, greiða reikninga og hjálpa til við stjórnun. Þá hefði ákærði Pétur annast um bókhaldið og skattskil. Vitnið kvaðst ekki hafa starfað hjá félaginu og kvaðst vitnið vilja nýta sér þagnarrétt samkvæmt 1. mgr. 118. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála varðandi spurningar sem fram komu um millifærslur á fjármunum sem runnu til hennar frá félaginu á árinu 2018.

4.

Vitnið B gaf skýrslu og greindi meðal annars frá því að hafa sinnt bókhaldsþjónustu fyrir fyrrgreint félag á árunum 2018 og 2019. Því hefði hins vegar verið hætt á síðara árinu þegar ekki var lengur greitt fyrir þjónustuna. Bókhald hefði verið fært og gerður ársreikningur 2018 vegna rekstrarársins 2017. Þá hefði bókhald að einhverju leyti verið fært á árinu 2019 vegna rekstrarársins 2018 en ekki hefði verið gerður ársreikningur vegna þess rekstrarárs. Að auki hefðu verið útbúnar virðisaukaskattskýrslur og staðgreiðsluskilgreinar fyrir félagið á þeim tíma sem það var í þjónustu hjá bókhaldsstofunni. Ákærði Sigurberg og vitnið A hefðu verið í samskiptum við vitnið vegna málefna félagsins út af téðri bókhaldsþjónustu. Tímasetningar á þeim samskiptum væru hins vegar óskýrar í huga vitnisins. Vitnið kvaðst ekki minnst þess að hafa verið í samskiptum við ákærða Pétur út af málefnum félagsins. Vitnið hefði hins vegar í eitt eða tvö skipti fundað með ákærða Sigurberg og vitninu A út af málefnum félagsins og þá hefði maður verið með þeim í för. Vitnið kvaðst hins vegar ekki vita deili á þeim manni. Þá hefði vitnið verið í samskiptum við ákærða Sigurberg og vitnið A þegar fyrrgreind vanskil urðu á greiðslum fyrir veitta bókhaldsþjónustu.

IV.

Niðurstöður:

Mál þetta lýtur að ætluðum undanskotum á staðgreiðslu og virðisaukaskatti og hvort ákærðu hafi bakað sér refsíabyrgð. Fyrir liggur að ákærvaldið hefur talið framlögð rannsóknargögn nægileg til að meta skilyrði málshöfðunar og lagt grundvöll málsins með útgáfu ákæru, sbr. 1. mgr. 53. gr., 2. mgr. 57. gr., 145. gr. og 152. gr. laga nr. 88/2008. Ljóst er af málgögnum að skýrslur af ákærðu hjá skattrannsóknarstjóra, skýrslur og gögn þess embættis um greiningu og sundurliðaða flokkun á meintum vanskilum, auk annarra gagna um skráningu félagsins og ákærðu í fyrirtækjaskrá, lágu í meginatriðum til grundvallar útgáfu ákæru. Rannsókn virðist að öðru leyti ekki hafa tekið til annarra þátta og er hún fremur takmörkuð. Málgögn og máltilbúnaður ákærvaldsins er hins vegar í aðalatriðum í samræmi við mál af þessum toga sem eru margdæmd hjá dómstólum. Athugasemdir sem fram hafa komið hjá ákærða Pétri um ætlaða annmarka á rannsókn málsins lúta fyrst og fremst að efnisúrlausn þess. Þá verður ekki séð að vörnum ákærðu fyrir dómi hafi verið áfátt, eins og hér stendur á. Eru því ekki efni til að verða við ábendingu ákærða Péturs um að vísa málinu frá dómi af sjálfsdáðum.

Ákærðu neita sök. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má þeim í óhag á ákærvaldinu og verða þeir því aðeins sakfelldir að nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

Í málinu er ekki ágreiningur um verknaðarlýsingu 1. og 2. ákæruliðar og er enginn tölu- legur ágreiningur í málinu. Samrýmist verknaðarlýsingin öðrum málgögnum sem stafa frá skattrannsóknarstjóra. Þá liggur fyrir í málgögnum, og er ágreiningslaust, að ákærði Pétur var skráður framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og prókúruhafi félagsins á þeim tíma sem um ræðir. Hið sama á við um ákærða Sigurberg, að því er varðar skráningu hans sem varamanns í stjórn sama félags á sama tímabili. Eru öll þessi atriði sönnuð í málinu og verða sem slík lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Þá liggur fyrir samkvæmt framburði ákærða Sigurbergs að hann virðist kannast við að hafa verið daglegur stjórnandi í rekstri félagsins, að minnsta kosti að því marki sem það tengdist verkstjórn á vinnu- svæðum og daglegum málefnum félagsins af þeim toga. Verður það því einnig lagt til grundvallar við frekari úrlausn málsins nema annað sé tekið fram.

Ágreiningur málsins hverfist í aðalatriðum um hvort ákærða Pétri verði gert að sæta refsí-
ábyrgð út af meintum brotum samkvæmt ákæru vegna stöðu hans hjá félaginu. Einnig,
og þessu tengt, hvort eingöngu hafi verið um að ræða skráningu á téðri stöðu til mála-
mynda í fyrirtækjaskrá og hvort hann hafi í raun ekki haft aðkomu og farið með stjórn
félagsins, sem og hvort hann hafi enga vitneskju haft um hin meintu brot með tilliti til
sagnæmisskilyrða. Að auki hverfist ágreiningurinn í aðalatriðum um hvort aðkoma
ákærða Sigurbergs að starfsemi, burtséð frá skráningu í fyrirtækjaskrá, hafi verið með
þeim hætti að hann teljist í raun hafa farið með stjórn félagsins á þeim tíma sem meint
brot voru framin. Enn fremur, og þessu samofið, hvort báðir ákærðu, eða annar þeirra,
beri refsíábyrgð á hinum meintu brotum samkvæmt ákæru. Ákæruvaldið byggir á því að
sameiginleg refsíábyrgð eigi við, eins og hér standi á, en ákærðu byggja á hinu gagnstæða
og vísa hvor á annan.

Rannsóknargögn sem eru hluti málgagna og stafa frá skattrannsóknarstjóra styðja mála-
tilbúnað ákæruvaldsins um formlega aðkomu ákærða Péturs að starfsemi umrædds félags
á þeim tíma sem um ræðir. Þau gögn styðja hins vegar ekki að aðkoma hans að starf-
semi hafi verið önnur og meiri. Framburður meðákærða Sigurbergs og vætti A um
meinta aðkomu ákærða Péturs hefur ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins, eins og hér
stendur á. Þau hafa bæði hagsmuna að gæta af úrslitum málsins. Skjal sem ákærði Sigur-
berg lagði fram við aðalmeðferð er efnislega óskýrt og getur hvort heldur sem er stutt
framburð hans og ákærða Péturs. Að því virtu getur það skjal ekki ráðið úrslitum í mál-
inu. Engin gögn hafa verið lögð fram sem styðja staðhæfingu ákærða Sigurbergs og
vitnisins A um að félagið hafi verið selt til meðákærða Péturs eftir að hann kom að því.
Er það ósannað, og verður aðeins byggt á því sem fram kemur í rannsóknargögnum, að
félagið hafi verið í eigu vitnisins A. Að framangreindu virtu er því ekki ástæða til að
draga í efa framburð ákærða Péturs um að hann hafi verið fenginn til að koma að félaginu
sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í stað vitnisins A. Að mati dómsins bendir allt
til þess að það hafi verið meira að nafninu til og að meðákærði Sigurberg hafi í meira
mæli farið með hina daglegu stjórn í starfsemi félagsins. Ákærði Pétur hefur hins vegar
ekki fært fram haldbær rök fyrir því að hann hafi í raun verið blekktur með sviksamlegum
hætti til að koma að félaginu og verið hlunfarginn af meðákærða og vitninu A. Eru
staðhæfingar hans í þá veru ósannaðar og geta ekki haft þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Stjórnarmaður einkahlutafélags ber almennt ábyrgð á því að skipulag þess og starfsemi
sé jafnan í réttu og góðu horfi, sbr. 1. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994. Hið sama á
við um ráðinn framkvæmdastjóra félags en hann ber einnig ábyrgð samkvæmt sömu
lagagrein, og skal hann meðal annars annast daglegan rekstur og sjá um að bókhald sé

fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félags sé með tryggilegum hætti. Er þetta margdæmt í málum af þessum toga. Ljóst er af því sem fram er komið í málinu að ákærði Pétur skeytti í raun engu um framangreindar skyldur sínar sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins og hefur hann ekki fært fram haldbær rök fyrir hinu gagnstæða. Með þessu sýndi hann að minnsta kosti af sér stórkostlegt gáleysi við stjórn félagsins sem varðar hann refsíabyrgð. Brotin voru fullframin á lögboðnum eindaga skilaskyldu. Samkvæmt þessu verður ákærði Pétur sakfelldur fyrir þau brot sem honum eru gefin að sök samkvæmt báðum liðum ákærunnar. Brotin eru rétt færð til refsíákvæða enda eru brot hans stórfelld þegar litið er til þeirra fjárhæða sem um er að ræða. Þá breyta lög nr. 29/2021 engu um refsineymi téðra brota eða lögbundin viðurlög við þeim, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 35/2021 og dóm Landsréttar í máli nr. 328/2021.

Fyrir liggur að ákærði Sigurberg var ekki í aðalstjórn félagsins, eða með formlega stöðu sem stjórnandi, á þeim tíma sem meint brot samkvæmt báðum ákæruliðum voru framin. Í málinu liggur hins vegar fyrir, eins og áður greinir, að hann fór að minnsta kosti með daglega stjórn félagsins varðandi verkefni sem innt voru af hendi gagnvart verkkaupum eða öðrum viðskiptavinum. Þá hefur ákærði Sigurberg einnig að nokkru marki kannast við að hafa komið að útgáfu reikninga og farið með bókhaldsgögn til bókhaldsþjónustu. Samrýmist hið síðarnefnda vætti B sem bar meðal annars um að hafa aðeins verið í samskiptum við ákærða Sigurberg og téða A út af bókhaldsgögnum og þeirri þjónustu sem bókhaldsstofan sinnti fyrir félagið, þar með talinni skýrslugerð gagnvart skatt-yfirvöldum. Að auki liggur fyrir að bersýnilegt ósamræmi var í framburði ákærða Sigurbergs og vitnisins A fyrir dómi um hvort hin síðarnefnda hafi í raun sinnt þeim skyldum sem ákærði Pétur tók yfir þegar hann kom að félaginu. Ákærði Sigurberg bar um að vitnið A hefði sinnt þessum skyldum og félagið verið í góðu horfi þegar hún fór frá því. Vitnið A bar hins vegar um að hún hefði enga raunverulega aðkomu haft að rekstrinum að öðru leyti en því að hafa komið að stofnun félagsins og verið [...] ákærða Sigurbergs um [...]. Dregur þetta misræmi heilt á litið úr trúverðugleika framburðar ákærða Sigurbergs og A um það sem þau hafa borið um alla heildarumgjörð málsins sem snýr að þeim, þar með talið að ákærði Sigurberg hafi ekki komið að raunverulegri stjórnun félagsins. Að auki liggur fyrir að ákærði Sigurberg virðist að nokkru marki kannast við að hafa tilkynnt um breytt heimilisfang félagsins á árinu 2018 þar sem nafn meðákærða var skrifað undir tilkynningu. Jafnframt verður ráðið af gögnum að verulegir fjármunir á þeim tíma sem um ræðir hafi runnið frá félaginu til vitnisins A, sem var [...] ákærða Sigurberg á sama tíma, auk þess sem hinn síðarnefndi kannaðist einnig við að hafa mótttekið hluta þeirra fjármuna. Þessu til viðbótar blasir við í málinu að ekki virðist hafa verið um að ræða hefðbundinn fyrirtækjarekstur með venjulegri umgjörð á rekstri, starfsstöð, starfsmannahaldi, verkaskiptingu og samskiptum stjórnenda. Að mati

dómsins bendir því allt til þess að aðkoma ákærða Sigurbergs að rekstrinum, sem daglegs verkstjórnanda, hafi í raun blandast saman við hina eiginlegu fjármála- eða yfirstjórn félagsins.

Að öllu framangreindu virtu verður lagt til grundvallar, eins og hér stendur á, að ákærði Sigurberg hafi einnig farið með fjármála- og yfirstjórn félagsins á þeim tíma þegar meint brot voru framin. Að þessu virtu verður stöðu hans hjá félaginu jafnað við það að hann hafi verið virkur stjórnandi og stjórnarmaður í félagsstjórn og hann hafi sem slíkur, auk meðákærða Péturs, borið ábyrgð fyrir hönd félagsins í lögskiptum þess við skattyfirvöld. Ljóst er af því sem fram er komið að ákærði Sigurberg skeytti í engu um að umræddum fjármunum vegna staðgreiðslu og virðisaukaskatts væri skilað til ríkissjóðs gagnstætt lagaskyldum þar um. Með þessu sýndi hann að minnsta kosti af sér stórkostlegt gáleysi við stjórn félagsins sem varðar hann refsíábyrgð. Brotin voru fullframin á eindaga skilaskyldu, eins og áður er rakið. Að öllu framangreindu virtu verður ákærði Sigurberg sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök samkvæmt báðum liðum ákærunnar. Með sömu rökum og áður greinir verður lagt til grundvallar að brotin séu rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði Pétur er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði var honum með dómi [...] 2016 gert að sæta fjögurra mánaða fangelsi skilorðsbundið í þrjú ár fyrir fíkniefnalagabrot. Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir eru að mestu leyti rof á skilorði fyrrgreinds dóms, sbr. það sem áður greinir um fullframningarstig. Verður hin skilorðsbundna fangelsisrefsing eldri dóms nú dæmd upp og refsing ákveðin í einu lagi samkvæmt reglum 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Talsverðar tafir urðu á meðferð málsins fyrir útgáfu ákæru og verður tekið tillit til þess við ákvörðun refsingar. Að framangreindu virtu verður refsing ákærða Péturs hæfilega ákvörðuð fangelsi í níu mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í tvö ár, eins og nánar greinir í dómsorði. Að auki verður ákærða Pétri gert að greiða 17.142.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem honum ber að greiða innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæta ella fangelsi í 240 daga.

Ákærði Sigurberg er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði hefur hann frá árinu 1993 margsinnis áður gerst brotlegur við refsilög, þar með talið fyrir skjala-, auðgunar-, fíkniefna- og tollalagabrot, auk stórfelldra skattalagabrota og fleira. Það sem hér skiptir einkum máli er að ákærða var með dómi [...] 2019 gert að sæta fangelsi í 12 mánuði, þar af níu mánuði skilorðsbundið til tveggja ára, auk þess sem honum var gert að greiða 160 milljónir króna í sekt til ríkissjóðs, fyrir meiri háttar brot á skattalögum og lögum um

bókhald. Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir ber að fara með að hluta sem hegningarauka og að hluta sem skilorðsrof, sbr. það sem áður greinir um fullframningarstig. Verður hin skilorðsbundna fangelsisrefsing fyrrgreinds dóms nú dæmd upp og refsing ákveðin í einu lagi samkvæmt reglum 60., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Af sömu ástæðu og áður greinir verður tekið tillit til tafa við ákvörðun refsingar. Sakaferill ákærða horfir heilt á litið til refsipýngingar. Að framangreindu virtu verður refsing ákærða Sigurbergs ákvörðuð fangelsi í 14 mánuði. Vegna sakaferils hans er ekki unnt að skilorðsbinda refsinguna. Að auki verður ákærða Sigurberg gert að greiða 17.037.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem honum ber að greiða innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæta ella fangelsi í 240 daga.

Vegna framangreindra málsúrslita verður ákærðu gert að greiða sakarkostnað til ríkissjóðs. Nánar tiltekið verður ákærða Pétri gerð að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Hólmars Einarssonar lögmanns, vegna vinnu fyrir dómi, sem þykir út frá eðli og umfangi máls hæfilega ákveðin 2.300.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá verður ákærða Sigurberg gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem þykir út frá eðli og umfangi máls hæfilega ákveðin 3.200.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Haukur Gunnarsson aðstoðarsaksóknari.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 6. desember 2022 en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Pétursson, sæti fangelsi í níu mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi hann almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Pétur greiði 17.142.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja en sæti ella fangelsi í 240 daga.

Ákærði, Sigurberg Ingi Pálmason, sæti fangelsi í 14 mánuði.

Ákærði Sigurberg greiði 17.037.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja en sæti ella fangelsi í 240 daga.

Ákærði Pétur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Hólmars Einarssonar lögmanns, 2.300.000 krónur.

Ákærði Sigurberg greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinsonar lögmanns, 3.200.000 krónur.

Daði Kristjánsson